

Baksvið Nordvision
15.10.2009

Norræn samvinna á sviði sjónvarpsefnis nánari en nokkru sinni fyrr

Nordvision er líklega best varðveitta leyndarmálið um norrænt sjónvarp. Fáir þekkja að ráði til samstarfsins á milli norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna en í þessum mánuði fagnar Nordvision hálftrar aldar afmæli á sama tíma og norrænt samstarf á sviði sjónvarps stendur styrkari stoðum en nokkru sinni fyrr. Það byggist fyrst og fremst á fjölmörgum útsendum klukkustundum af gæðaeefni á hagstæðu verði. Þetta er lyginni líkast en þó er það satt.

Eftir Ib Keld Jensen

Það er nóg að nefna Fleksnes til þess að flestir Norðurlandabúar á fullorðinsaldri brosa í kampinn, fá glampa í augun og sjá fyrir sér mynd af sérlega sjálfumglöðum norskum piparsveini. Sama máli gegnir um MGP Nordic, Kontrapunkt eða Örninn. Það er nóg að nefna þessi heiti og minningar vakna hjá Norðurlandabúum, allt frá Finnlandi til Íslands. Allar þessar fjórar þáttaraðir eru mikilvægur hluti af sameiginlegri norrænni sjálfsmynd, auk þess sem þær byggjast á einstakri samvinnu ríkisrekinnna stöðva í norrænu ríkjunum fimm um gerð sjónvarpsefnis.

Þetta samstarf hefur nú í haust staðið um hálftrar aldar skeið og þótt það hafi verið í höndum sama félags allan þann tíma þekkja líklega ekki margir nafnið Nordvision. Engu að síður hefur þetta rótgróna norræna samstarf um sjónvarpsefni líklega aldrei staðið sterkar en með sameiginlegri framleiðslu sem nær hvað hæstum hæðum um þessar mundir. Að mati eins sérfræðings skiptir þetta höfuðmáli.

„Nordvision er jafnvel mikilvægara en nokkru sinni fyrr þegar endalaus straumur markaðsefnis flæðir yfir okkur,“ segir sænski prófessorinn Ulla Carlsson en hún stjórnar Nordicom, norrænu upplýsingamiðstöðinni um fjölmiðla- og samskiptarannsóknir.

Þann 29. október 1959 mætti ein kona og 29 karlar í dökkum jakkafötum með vesti á fund í Stokkhólmi til þess að skipuleggja samstarf um norrænt sjónvarp til framtíðar litið. Sjónvarpið sem fjölmiðill var ekki enn búinn að slíta barnsskónum og hrifningin á möguleikum hins nýja miðilsins hafði beðið skipsbrots vegna þeirra takmarka sem fjárhagurinn setti. Það er rándýrt að framleiða sjónvarpsefni og það var ein helsta ástæða þess að norrænu sjónvarpsstöðvarnar tóku höndum saman. Allt frá upphafi mótaðist samstarfið af sameiginlegri töfraþulu sem varð hornsteinn þess fram á tíunda áratug síðustu aldar.

„Samstarf okkar snýst ekki um peninga.“

Daninn Jens Frederik Lawaetz orðaði þannig þá hugsýn sem varð mikilvæg forsenda samvinnunnar. Ef ég fæ þrjá dagskrárliði hjá þér færð þú þrjá hjá mér. Þetta hefur lengst af verið meginreglan og er það að miklu leyti enn. Ef öll löndin leggja sitt af mörkum fær hvert land fyrir sig því þrisvar til fjórum

sinnu meira efni en það framleiðir sjálf. Það er ekki hægt að deila með fimm í framleiðslukostnaðartölur vegna þess að Norðmenn, Svíar og Danir leggja meira af mörkum til samstarfsins en Finnar og Íslendingar. Finnar hafa verið með allt frá upphafi en þar setur tungumálið samstarfinu skorður því aðeins um 6% Finna hafa sænsku að móðurmáli. Íslenska þjóðin er líka mjög fámenn og það setur fjárhagslegu bolmagni íslenska sjónvarpsins ákveðin takmörk.

Skipst er á rúmlega 3600 dagskrárliðum á ári eða þeir framleiddir í samvinnu og þróunin hefur einkum orðið hröð undanfarin 15 ár. Hagnaðurinn af samstarfinu liggur fyrst og fremst í því að heildarupphæðin er hærri en sú sem hver og einn leggur af mörkum. Það er ápreifanlegt dæmi um það að samstarfið er víðtækara en nokkru sinni fyrr. „Það er líka mikilvægur kostur við samstarfið að við getum hugsað upp á nýtt og á annan hátt með skapandi samstarfsaðilum,“ segir Henrik Hartmann, framkvæmdastjóri Nordvision.

Á besta útsendingartíma

Leikið norrænt efni er yfirleitt sýnt á besta sýningartíma á öllum Norðurlöndunum. Á afmælisárinu eru götur auðar á meðan sjónvarpið sýnir dönsku spennuþáttaröðina „Forbryðelsen II“ og sjónvarpsleikrit hafa verið mikilvægur og umfangsmikill liður á dagskránni allt frá fyrstu dögum samstarfsins. SVT lagði fram Hemsøboerne eftir Strindberg, NRK bauð upp á Skipper Worse eftir Alexander Kielland og YLE kynnti Stormskärs-Maja eftir Anni Blomquist fyrir norræna samfélaginu. DR færði okkur Fiskerne eftir Hans Kirk og síðar kom RUV til skjalanna með Brekkukotsannál eftir hinn íslenska skáldjöfur Halldór Laxness.

Við kynntumst vel honum Óskari sem Max von Sydow lék af myndugleika og eflaust heyra margir enn fyrir sér Liv Ullmann segja setninguna sem hún endurtók svo oft: „Óskar, ég er aftur orðin ófrísk.“ SVT gerði þáttaraðirnar Útflytjendurnir og Innflytjendurnir eftir skáldsögum Vilhelms Mobergs.

Árið 1982 ljóstraði Bergman upp um uppruna sinn í Fanný og Alexander. Bæði Lars Grarup, sjónvarps- og fjölmiðlastjóri DR, og finnskur samstarfsmaður hans, Ingegerd Pesonen, álíta það verkefni hápunkt samstarfsins:

„Því gleymi ég aldrei“ segir Ingegerd Pesonen, yfirmaður YLE, þegar hún er beðin um að nefna sjónvarpsefni sem hefur haft sérstök áhrif á hana.

Og hún heldur áfram:

„Nordvision hefur fært okkur dagskrárefni frá grannlöndunum og áhorfendur okkar þekkja sig aftur í því vegna þess að við eigum svo margt sameiginlegt, auk þess sem mörg löndin eiga sér langa sameiginlega sögu.“ Lars Grarup leggur áherslu á kosti þess að skiptast á reynslu á öllum þrepum starfseminnar. Það ríkir algjör hreinskilni því sjónvarpsstöðvarnar eru ekki í innbyrðis samkeppni:

„Nordvision-samstarfið þýðir að DR getur daglega boðið upp á marga góða dagskrárliði annarra norrænna ríkissjónvarpsstöðva. Þetta er vörumerkinu DR mjög mikilvægt og ein helsta ástæða þess að DR hefur mikla sérstöðu miðað við aðrar danskar sjónvarpsstöðvar.“

Fleksnes, Örninn og Fanný

Önnur þáttaröð frá Bergman fylgdi í kjölfarið á Fanný og Alexander og hún var gott dæmi um hina sameiginlegu sögu. Þáttaröðin hét Hinn góði vilji, var sýnd árið 1990 og framleidd af SVT í samvinnu við YLE, NRK, DR og þýsku stöðina ZDF. Þegar minnst er á helstu norrænu kvikmyndastjórnanna er erfitt að líta fram hjá Dananum Lars von Trier og tímamótaverkinu og spítalasápunni Lansanum frá árinu 1997 en það er nær ómögulegt að segja til um, hvaða flokki sjónvarpsefnis hún tilheyrir.

Danskt leikið sjónvarpsefni hefur einnig vakið mikla athygli á erlendum vettvangi undanfarin ár og m.a. hlotið Emmy-verðlaun árin 2002, 2003 og 2005, auk margra tilnefninga. Síðan fylgdi spennuþáttaröðin Örninn þar sem aðalpersónan Hallgrímur Örn Hallgrímsson er af íslensku bergi brottinn en vinnur verkefni víða um Norðurlönd og jafnvel í Þýskalandi líka. Þýska sjónvarpsstöðin ZDF gat því tekið þátt í verkefninu. Norrænt sjónvarpsefni er orðið svo vinsælt hjá þessari fjölmennustu þjóð Evrópu að sænskt, norskt og danskt efni á sér um þessar mundir fastan sýningartíma á þriðjudögum.

Norrænu spennuþættirnir njóta þó langmestra vinsælda á Norðurlöndunum, þeir eru sýndir á besta sýningartíma og áhorfið er ekki síðra en á efni sem framleitt er heima fyrir. Arne Helsingen, sjónvarpsstjóri NRK, nefnir dönsku eftirstriðsáraþættina Króníkuna sem dæmi um norræna framleiðslu sem vakið hefur sérstaka athygli.

„Það er mikilvægt að skiptast á dagskrárefni og framleiða efni saman og mikilvægi þessa á eftir að aukast til muna,“ álitur Arne Helsingen.

Og svo má ekki gleyma Fleksnes sem sýndur var á NRK um 30 ára skeið, allt frá 1972 til 2002. Allir þættirnir um þennan áhyggjulausa píparsvein Rolvs Wesenlunds voru sýndir á Íslandi, Svíþjóð og Danmörku auk Noregs.

Íslenski sjónvarpsstjórinn tilgreinir sérstaklega Fleksnes og Kontrapunkt sem eftirminnilegt efni frá æskuárum sínum en dönsk spennuþáttaröð með íslenskar rætur hefur mest áhrif nú.

„Örninn byggist á mjög vel skrifuðu handriti. Höfundunum tókst að hafa önnur norræn lönd með í frásögninni, auk þess sem kemur við sögu fólk annars staðar að en frá Norðurlöndunum. Hluti þáttanna var líka tekinn upp í öðrum löndum, þar á meðal á Íslandi,“ segir Bjarni Guðmundsson, umsjónarmaður með erlendri dagskrá.

Heimildarmyndir ná einnig til áhorfenda þvert á öll landamæri.

Thomas Nilsson er yfirmaður hjá SVT og orðar það svo þegar hann er beðinn um að nefna sérstaklega eftirminnilegan þátt:

„Þáttaröðin þar sem engum dettur í hug að nokkur gæti átt heima er nýjasta dæmið hér í Svíþjóð um norska þáttaröð sem nær milljón Svíar fylgjast með.“

Fyrirmynd fyrir önnur lönd

En hvaða gagn er eiginlega af þessu norræna samstarfi um sjónvarpsefni? Prófessor Ulla Carlsson hjá Nordicom í Gautaborg er þeirrar skoðunar að samstarfið sé svo einstakt að það þurfi að koma því á víðar.

„Ég álit að mjög nauðsynlegt sé að auka málskilning og jafnvel enn frekar að auka samstarf milli landa. Norrænu löndin hafa forsendur til þess að gera

miklu meira en hægt er í almennu alþjóðlegu samstarfi. Þetta á jafnt við um samfélagsleg málefni og framleiðslu sjónvarpsefnis."

„Norðurlönd standa að alveg einstakri ríkisrekinni sjónvarpsþjónustu þar sem miklu er áorkað fyrir hlutfallslega lágar upphæðir. Þetta gæti orðið fyrirmynd margra annarra landa víða um heim, ekki síst í Austur-Evrópu þar sem fjölmiðlaflæðið er því sem næst óheft. En þegar komið er út fyrir Austur-Evrópu skilur ekki nokkur maður þetta norræna ríkissjónvarpskerfi. Þessi afstaða mun þó líklega taka breytingum. Starfsemin er kannski hvað víðtækust nú en ríkisrekið sjónvarp verður áfram nauðsynlegt, ekki síst sem menningarmiðill," segir prófessorinn við Nordicom.

Norrænu systurþjóðirnar hafa um langa hríð tekist á í vinsamlegum kappleikjum og um réttinn til að mega gera gys að grönnum sínum. Kontrapunktur er líklega sá þáttur sem lengst var við lýði, spurningaþáttur um sígilda tónlist sem átti sér mjög marga áhangendur, jafnvel í hópi þeirra sem aldrei hefði dottið í hug að setja Jean Sibelius á fóninn. Stjórnandi þáttanna var hinn litríki Sten Broman sem stjórnaði með endalausum áhuga: „Einmitt, nákvæmlega. Svarið er rétt," með slíkum tilþrifum að það glumdi yfir endalausar íslenskar hraunbreiður og þúsund finnsk stöðuvötn. Þáttaröðin gekk í aldarfjórðung frá 1966, þó með sjö ára hléi eftir að Broman lést árið 1980 en þá tók Sixten Nordström við sem stjórnandi.

MGP inn og út

Fleiri spurningaþættir en Kontrapunktur nutu vinsælda, t.d. Treklang, Firkamp og Den gyldne pil, en nú um stundir keppa börnin. Samvinna barna- og unglingsdeilda sjónvarpsstöðvanna fimm markar að mörgu leyti tímamót og MGP Nordic eða söngvakeppni norrænna barna er afkvæmi sem getið er af Nordvison-samstarfinu, fætt þar og alið upp. Eurovision-samstarfið tók upp hugmyndina með þátttakendum alls staðar að úr Evrópu en Norðurlöndin drógu sig fljótlega út úr því verkefni. Þátttakendurnir áttu nefnilega að fá að vera börn en ekki lítið fullorðið fólk eins og þeir urðu fljótlega í samevrópsku útgáfunni.

Amigo er önnur hugmynd sem varð til á vegum Nordvision og hefur verið seld til jafn fjarlæggra landa og Vietnam. Samvinna deilda um barna- og unglingsafni hefur árum saman verið með afbrigðum góð. Það er þó ekki alltaf sem áhorfendur gera sér almennt grein fyrir því. Sem dæmi má nefna að ríkissjónvarpsstöðvarnar hafa nú um 18 ára skeið framleitt mörg hundruð lítil og hversdagsleg atriði fyrir og um börn á aldrinum 3 -5 ára. En svo margt er sameiginlegt með norrænum börnum, heimilum og menningu að áhorfendur taka tæpast eftir því að þættirnir eru ekki frá heimalandinu vegna þess að efnið er talsett.

Á undanförunum árum hefur ein milljón norrænna barna tekið að sér hundagæslu í sameiginlegu netspili sem gengur undir heitinu Hundagarðurinn.

Það er einnig mikið samstarf um upplýsingamiðlun. Búast má við fjölgun rása um ákveðna flokka sýningarefnis á norrænum sjónvarpsstöðvum innan Nordvision og því er talið að spurn eftir norrænu gæðaefni muni aukast á komandi árum. Ný tækniþróun gerir mönnum nú kleift að stunda

rannsóknarblaðamennsku í sameiginlegum gagnagrunni og miklar væntingar eru gerðar til þeirra möguleika sem felast í þessu samstarfi.

Vinsælasti þáttastjórnandi Svíþjóðar um þessar mundir er góð staðfesting þess að norrænir sjónvarpsáhorfendur eru óhræddir við að horfa á sjónvarpsstöðvar annarra landa. Hvaðan skyldi hann annars vera? Jú, það er rétt ágiskun. Hann er norskur og heitir Fredrik Skavlan. Eða eins og Sten sálugi Broman hefði orðað það: Einmitt, nákvæmlega. Svarið er rétt!

Mynd:

Súlurit yfir fjölgun útsendingartíma hvað varðar sameiginlega framleiðslu og gagnkvæm skipti á dagskrárefni.

Ýmsar staðreyndir

Nordvision var stofnsett árið 1959 af ríkissjónvarpsstöðvunum YLE í Finnlandi, SVT (áður SR) í Svíþjóð, NRK í Noregi og DR í Danmörku. Árið 1966 bættist RÚV í hópinn og síðar komu Grænland og Færeyjar til sögu um DR.

Árið 1971 var skrifstofa Nordvision sett á laggirnar.

Árið 1988 var Nordvision-sjóðurinn stofnaður.

Árið 1991 var meginreglan um ókeypis skipti lögð niður hvað varðaði frumsamið efni.

Árið 2006 var skrifstofa Nordvision flutt til Kaupmannahafnar.

Árið 2009 var komið á fót stafrænu dreifingarkerfi samstarfsaðilanna.

Norræn þáttaskil í hálfra öld

Leikið sjónvarpsefni

Útflytjendurnir - 1971 - SVT, NRK og DR
Fleksnes - 1972 - NRK, DR og SVT
Matador - 1978 - DR, SVT og NRK
Fanný og Alexander - 1982 - SVT, DR, NRK og YLE
Hinn góði vilji - 1990 - SVT, DR, NRK og YLE
Veröld Soffiu - 1999 - NRK, DR, SVT og YLE
Örninn - 2004 - DR, SVT, NRK og RUV
Salteyjan - 2005 - SVT, NRK og FST5
Ísabella - 2006 - YLE, SVT og RUV
Berlínaraspírnar - 2006 - NRK, FST5, RUV og SVT

Barnaefni

Ada fer í bað - 1990 - NRK, DR, SVT, YLE
MGP Nordic - 2008 - SVT, NRK, DR og FST5

Heimildapættir

Kontiki - 1959 - NRK, DR, SVT og YLE
Saga norrænna mótorhjólalagengja- 1996
Í þjónustu sannleikans - 1984 - DR, SVT og NRK
Konungsríkið Norðurlönd - 2001 - DR, NRK og SVT

Skemmtiefni

Firklang - 1965 - DR, SVT, NRK og YLE

Kontrapunktur - 1966 - SVT, NRK, YLE og DR

Den gyldne pil - 1973 - DR, SVT og NRK

Hylands hørna - 1992 - SVT